



Reykjavík, 23. júní 2025
SFS25040139

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breyting á rekstrarleyfum Sólgarðs og Mánagarðs, leikskólum Félagsstofnunar stúdenta

Á fundi skóla- og frístundaráðs var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. maí 2025, varðandi breytingu á rekstrarleyfi leikskóla Félagsstofnunar stúdenta, rekstrarleyfi vegna Mánagarðs, dags. 19. janúar 2019 og rekstrarleyfi vegna Sólgarðs, dags. 15. janúar 2024. SFS25040139

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að rekstrarleyfi leikskólanna Mánagarðs og Sólgarðs sem reknir eru af Félagsstofnun stúdenta verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að sameina leikskólana undir stjórn eins leikskólastjóra. Rekstrarleyfi Félagsstofnunar stúdenta nái til reksturs sameinuðu leikskólanna Mánagarðs og Sólgarðs. Rekstrarleyfið kveði á um 124 börn á Mánagarði, á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af að hámarki 24 börn á ungbarnadeildum og 115 börn á ungbarnaleikskólanum Sólgarði, á aldrinum 9 mánaða til 36 mánaða. Við sameiningu leikskólanna eru ekki breytingar á fjölda- og aldursviðmiðum.

Lagt er til að breytingin taki gildi 1. ágúst 2025. Frá sama tíma falla úr gildi rekstrarleyfi dags. 9. janúar 2019 og dags. 15. janúar 2024.

Greinargerð fylgir.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Hjálagt:

Tillaga, dags. 22.maí 2025

Rekstrarleyfi Félagstofnunar stúdenta

Rekstrarleyfi Mánagarðs, dags. 9.janúar 2019

Rekstrarleyfi Sólgarðs, dags. 15. janúar 2024



Reykjavík



Reykjavík, 22. maí 2025
SFS25040139

Tillaga

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingu á rekstrarleyfi leikskóla Félagsstofnunar stúdenta.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að rekstrarleyfi leikskólanna Mánagarðs og Sólgarðs sem reknir eru af Félagsstofnun stúdenta verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að sameina leikskólana undir stjórn eins leikskólastjóra. Rekstrarleyfi Félagsstofnunar stúdenta nái til reksturs sameinuðu leikskólanna Mánagarðs og Sólgarðs. Rekstrarleyfið kveði á um 124 börn á Mánagarði, á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af að hámarki 24 börn á ungbarnadeildum og 115 börn á ungbarnaleikskólanum Sólgarði, á aldrinum 9 mánaða til 36 mánaða. Við sameiningu leikskólanna eru ekki breytingar á fjölda- og aldursviðmiðum.

Lagt er til að breytingin taki gildi 1. ágúst 2025. Frá sama tíma falla úr gildi rekstrarleyfi dags. 9. janúar 2019 og dags. 15. janúar 2024.

Greinagerð:

Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, er með rekstrarleyfi vegna tveggja leikskóla, Mánagarðs og Sólgarðs. Rekstrarleyfin hljóða upp á 124 börn á Mánagarði, á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af að hámarki 24 börn á ungbarnadeildum og 115 börn á ungbarnaleikskólanum Sólgarði, á aldrinum 9 mánaða til 36 mánaða. Við sameiningu leikskólanna verða ekki breytingar á þessum fjölda- og aldursviðmiðum.

Þann 22. apríl 2025, barst umsókn frá Félagsstofnun stúdenta um sameiningu leikskólanna Sólgarðs og Mánagarðs. Í umsókninni kemur fram að með sameiningu leikskólanna tveggja verði leitast við að nýta þann mannauð sem er til staðar á skólunum tveimur ásamt því að hagræða í rekstri, líkt og SFS hefur gert með góðum árangri með sína skóla. Horft sé til þess að einn leikskólastjóri verði yfir báðum starfsstöðvum en aðstoðarleikskólastjórar staðsettir á hvorri rekstrareiningu fyrir sig. Einnig er verið að horfa til betri nýtingar húsnæðis og útisvæða þar sem hvor starfsstöð hefur upp á mismunandi svæði að bjóða, mismunandi efnivið sem hægt er að samnýta á betri hátt en gert er í dag. Horft er til þess að mannauður hvers skóla verði nýttur á annan hátt með tilliti til stefnu skólanna og annarra verkefna sem fyrir liggja, til að styrkja og auka við það faglega starf sem Leikskólar FS eru þekktir fyrir. Fram kemur einnig að ef til þess kemur að fleiri rekstrareiningar bætist við hjá Leikskóla Félagsstofnunar stúdenta þá sé mikilvægt að búið verði að stíga þetta skref til að hámarka samnýtingu þekkingar og fagmennsku, öllum til hagsbóta, ekki síst foreldrum og börnum.



Fyrirliggjandi eru öll tilskilin gögn vegna breytingarinnar en þau bárust með tölvubréfi, dags. 13. maí 2025:

1. Í umsögn sem fulltrúar beggja foreldraráða undirrita kemur fram að þeir fagni því að horft sé til hagræðingar í rekstri og nýtingar þess mannauðs sem leikskólarnir búa yfir. Þeir telja að breytingarnar hafi óveruleg áhrif á innra starf leikskólanna og hafa trú að breytingin verði til góðs fyrir verðandi foreldra í leikskólum stúdenta.
2. Sigríður Stephensen, leikskólastjóri Sólgarðs verður skólastjóri hins sameinaða leikskóla.
3. Foreldraráð verður á hvorri starfsstöð fyrir sig en gert er ráð fyrir að þau fundi saman þannig að sama áhersla verði lögð á allan aldur innan rekstrarstöðvanna.
4. Skólanámskrá verður sameiginleg þar sem unnið er eftir sömu stefnu á báðum skólum og einungis aldurstengdur áherslumunur á skólanámskrá hvers skóla og er áætlað að hinn sameinaði leikskóli muni tarfa eftir henni á vormánuðum 2026.

Niðurlag

Skóla- og frístundasvið gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að sameina leikskólana undir stjórn eins leikskólastjóra.





Rekstrarleyfi
fyrir sameinaða leikskóla Félagsstofnunar Stúdenta,
Mánagarð og Sólgarð

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, leyfi til að reka sameinaðan leikskóla Mánagarðs og Sólgarðs.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Eggertsgötu 34 í Reykjavík (Mánagarður) þar sem veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 128 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára, þar af er veitt leyfi til að vera með 24 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða. Jafnframt liggja fyrir teikningar af húsnæði leikskólans að Eggertsgötu 12-14 í Reykjavík (Sólgarður) þar sem veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 115 börn á aldrinum 9 – 36 mánaða.

Vottorð liggja fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólapijónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasvið í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits. Við leikskólann skal starfa eitt foreldraráð í samræmi við 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. ágúst 2025 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 9. janúar 2019 fyrir leikskólann Mánagarð og 15. janúar 2024 fyrir leikskólann Sólgarð.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 11. júní 2025

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Mánagarð

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Félagsstofnun stúdenta kt. 540169-6249 leyfi til að reka leikskólann Mánagarð.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Eggertsgötu 34 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 128 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, þar af er veitt leyfi til að vera með 24 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá Vinnueftirliti ríkisins og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2015.


Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Með útgáfu rekstrarleyfisins fellur úr gildi rekstrarleyfi, dags. 5. september 2018, og kemur þetta leyfi í þess stað frá framangreindum tíma.

Reykjavík, 9.1.2019



Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.



Rekstarleyfi fyrir leikskólann Sólgarð

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Félagsstofnun stúdenta kt. 540169-6249 leyfi til að reka leikskólann Sólgarð.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans að Eggertsgötu 12 - 14 í Reykjavík. Veitt er heimilt til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 115 börn á aldrinum 9 – 36 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Vesturmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans á heimasíðu skólans er ódagsett.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi **1. desember 2023** og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 27. júlí 2011.

Reykjavík, 15. janúar 2024

Helgi Grímsson,

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar